

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík 7. nóvember 2022

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um verkferla um viðbrögð við ógnandi hegðun og ofbeldi meðal barna og ungmenna. Þingskjal 17 – 17. mál. 153. löggjafarþing 2022-2023.

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Ellen Calmon,  
framkvæmdastýra

## Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um verkferla um viðbrögð við ógnandi hegðun og ofbeldi meðal barna og ungmenna

Barnaheill þakka fyrir boðið um að senda inn umsögn við ofangreint mál.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi taka undir tillögunum um að unnin verði aðgerðaáætlun um gerð verkferla til að bregðast við ógnandi hegðun og ofbeldi á meðal barna og ungmenna. Samtökin taka undir áhyggjur af börnum sem sýna af sér ógnandi hegðun og beita ofbeldi en auk þess virðist hatusorðræða og einelti meðal barna, ekki síst á netinu vera vandi sem vinna þarf með um allt samfélagið.

Það er að mati Barnaheilla afar mikilvægt að vanda vel til viðbragða við ógnandi hegðun og ofbeldi á meðal barna. Öll börn eiga rétt á vernd gegn ofbeldi, líka börn sem hafa beitt ofbeldi eða sem sýna af sér ógnandi hegðun. Börn eiga líka rétt á réttlátri málsmeðferð og stuðningi eins og önnur ef þau hafa valdið skaða eða brotið gegn lögum.

Vitanlega þarf að gera ráðstafanir til að stöðva ofbeldi og allra helst koma í veg fyrir það. Ef barn sýnir ógnandi hegðun eða beitir ofbeldi þarf að hafa í huga að sú hegðun er að öllum líkindum birtingarmynd vanlíðanar barnsins sem það kann ekki að tjá eða finnst það ekki hafa tækifæri til að tjá með öðru móti. Börn gera vel ef þau geta, eins og fræðimaðurinn og barnasálfræðingurinn Ross Greene hefur fjallað um, m.a. í bókum sínum „The Explosive Child“, „Lost at School“, „Lost and Found“ og „Raising Human Beings“. Og börn munu geta gert vel ef þau fá að læra það, með því t.d. að fá þjálfun í tilfinningastjórnun og rými til að vinna úr áföllum sínum.<sup>1</sup> Fleira fræðafólk hefur rætt um mikilvægi þess að vinna með áfallamiðaðar aðferðir til að styðja börn út úr krefjandi og ógnandi hegðun en verður það ekki rakið hér. Barnaheill hvetja Alþingi og ráðuneyti til að tryggja að stefnur og verklag um viðbrögð við áhættuhegðun, ógnandi hegðun og ofbeldi á meðal barna verði byggðar á þessum sjónarmiðum þannig að öll börn haldi virðingu og reisn sinni og sé ekki refsað fyrir hegðun sína heldur sett heilbrigð mörk og leiðbeint með hvernig þau geti unnið með vandann.

Gríðarlega mikilvægt er að tryggja börnum gjaldfrjálsa sálfræðiaðstoð. Verkferlar og öll viðbrögð skólakerfisins við ógnandi hegðun og ofbeldi á meðal barna eiga að byggja á bestu mögulegu aðferðum sálfræðinnar, á þekkingu og fagmennsku.

Barnaheill hvetja til þess að ríkt samráð verði haft við fagfólk við gerð verkferla þeirra sem hér um ræðir en einnig er mikilvægt að nýta reynslu barna og ungmenna og leita eftir skoðunum þeirra við mótun þeirra.

Barnaheill vinna að bættum réttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllum sínum störfum. Barnaheill bjóða upp á forvarnafræðslu gegn einelti og kynferðisofbeldi og

---

<sup>1</sup> Benda má á sannprófað líkan (model) sem Ross Greene hefur þróað til að vinna með hegðunaráskoranir barna: [Collaborative & Proactive Solutions \(cpsconnection.com\)](http://cpsconnection.com)

öðru ofbeldi, og halda úti verkefnum Vináttu, Verndurum barna og Skoh – Hvað er ofbeldi?